

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um kostnað við breytingar á tölvukerfum á sviði virðisaukaskatts í tengslum við aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið.

1. *Hver er kostnaðurinn við aðlögunarvinnu íslenskra stjórnvalda að Evrópusambandinu vegna breytinga á tölvukerfum á sviði virðisaukaskatts skv. 16. samningskafla aðildarviðræðnanna um skattamál, m.a. við:*
 - a. *að skipta út núverandi tölvukerfi, sem uppfyllir ekki kröfur Evrópusambandsins um gagnaskiptakerfi,*
 - b. *rekstrarsamhæfingu og samtengingar fyrir bein rafræn gagnaskipti milli innlendra virðisaukaskattstjórnvalda og samtengingu fyrir upplýsingaskipti milli aðildarríkja,*
 - c. *sérstakt kerfi fyrir rafræna þjónustu (Voes) sem seljendur utan ESB veita borgurum sambandsins,*
 - d. *sérstakt kerfi til endurgreiðslu virðisaukaskatts sem byggist á tilskipun 2008/9/EB?*

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra hefur enn sem komið er ekki verið framkvæmt mat á þeim kostnaði sem í þarf að leggja til að samhæfa tölvukerfi embættisins við þau kerfi sem nefnd eru í fyrirspurninni. Þá hafa ekki verið gerðar neinar breytingar á tölvukerfum embættisins vegna aðildarumsóknar Íslands. Embættið hefur óskað eftir svokallaðri TAIEX-aðstoð frá Evrópusambandinu vegna VOES-tölvukerfis, sbr. c-lið, og er gert ráð fyrir að sú aðstoð fái á öðrum árstjórdungi 2013 eða síðar. Þá er rétt að láta þess getið að ríkisskattstjóri er að undirbúa nýtt virðisaukaskattkerfi óháð aðild að ESB þar sem það kerfi sem er í notkun í dag fullnægir ekki þeim öryggiskröfum sem almennt eru gerðar til kerfa sem þessara. Við þarfagreiningu á nýju kerfi er horft til mögulegrar aðildar og gætt að því að nýtt kerfi geti aðlagast Evrópusambandskerfunum verði aðild að ESB samþykkt. Þessi vinna er þó skammt á veg komin og kostnaðargreining liggur ekki fyrir.

2. *Eru fleiri slík verkefni við breytingar á tölvukerfum fyrirhuguð í tengslum við aðildarumsókn að Evrópusambandinu en framangreind, til að mynda þverlæg?*
Ekki svo vitað sé.
3. *Hver er kostnaðurinn við að efla stjórnsýslugetu embættis ríkisskattstjóra og tollstjóra vegna þessara verkefna, með ráðningum og þjálfun starfsmanna?*

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra hefur ekki verið kannað sérstaklega hvaða kostnaðarauki yrði á sviði virðisaukaskatts vegna aðildar að Evrópusambandinu. Tölvukerfi á sviði virðisaukaskatts varða ekki tollstjóraembættið með beinum hætti.

4. *Hvaða tæknibúnað þarf vegna þessara verkefna, í hvaða áföngum hefur verið lofað að taka búnaðinn í notkun og hverjar eru tímasetningar áfanganna?*

Ekki liggur fyrir mat á því hvaða breytingar þyrfti að gera á tæknibúnaði embættis ríkisskattstjóra í þessu sambandi eða tímasett áfangaáætlun þar að lútandi.

5. *Hverjir eru áfangar eða tímamörk fyrir verkefnin, er vinna við þau hafin, hvenær á þeim að ljúka og hvenær er gert ráð fyrir að innleiðingu verði lokið?*

Vísað er til svars við 4. tölul.

6. *Í hvaða tilvikum er stuðst við útvistunarsamninga vegna þessara verkefna, svo sem próunar, prófana, reksturs og viðhalds hugbúnaðar, vélbúnaðar og samskiptakerfa?*

Vísað er til svars við 4. tölul.

7. *Hefur verið gerð grein fyrir kostnaði við verkefnin í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013? Verður gert ráð fyrir honum í útgjaldaáætlun fyrir 2014 og í áætlun um ríkisfjármál, sbr. 4. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis?*

Samkvæmt fjárlögum ársins 2013 eru embætti ríkisskattstjóra veittar 90 millj. kr. til að fjármagna endurbætur á tölvukerfi vegna virðisaukaskatts, en sú fjárveiting er óháð mögulegri aðild Íslands að ESB. Ekki er að finna sérstakar fjárveitingar til þessa verkefnis í langtímaáætlun um ríkisfjármál.